

Tillaga að formfestingu á samstarfi Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar

Dags. 7. janúar 2026

Málsnr. 2511018SA

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2020 byggt upp samstarfsvettvang sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar í þeim tilgangi að samræma verkefni, miðla þekkingu og stuðla að því að sveitarfélög geti nýtt sameiginlegar stafrænar lausnir til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og hraða stafrænum umbreytingum. Á sama tíma var Reykjavíkurborg í umfangsmiklu stafrænu fjárfestingaverkefni sem fólst í því að stafvæða, bæta og einfalda þjónustu við íbúa. Markmiðið var notendamiðuð og aðgengileg þjónusta til að auka velferð og tryggja íbúum jöfn tækifæri til að sækja þjónustu.

Reykjavíkurborg hefur frá upphafi tekið þátt í stafrænu samstarfi sveitarfélaga en borgin hefur hingað til ekki greitt til samstarfsins heldur lagt fram starfskrafta og þekkingu. Meðal annars með því að afhenda Veitu, afgreiðslukerfi fyrir fjárhagsaðstoð, annast útboð vegna spjallmennis of fleira. Þá hefur borgin sýnt einstakan samstarfsvilja í öðrum verkefnum með því til dæmis að áhættugreina kennsluhugbúnað. Borgin hefur því sannarlega verið öflugur samstarfsaðili í stafrænu samstarfi.

Á vettvangi sveitarfélaganna er nú stefnt að því að efla enn frekar samstarfið ásamt því að styrkja samvinnu við ríkið. Slík samstaða mun stuðla að auknum slagkrafti í nýsköpun, samræmdum lausnum, betri nýtingu fjármuna og bættri þjónustu við íbúa um land allt. Fyrsta stóra samþættingarverkefni Reykjavíkurborgar og Sambandsins er sameining Veitu kerfanna, því hvort kerfi hefur ákveðna eiginleika sem vantaði í hitt. Með þessari samþættingu verður hægt að fjölga umsóknum í velferðarþjónustu fyrir öll sveitarfélög landsins.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg sjái um þróun, rekstur og hýsingu afgreiðslukerfis vegna sameiginlegra umsókna sveitarfélaganna, nefnt Veita. Á vettvangi stafræns samstarf sveitarfélaga munu verða teknar ákvarðanir um þróun, forgangsöröðun og fjárfestingu. Stafrænt samstarf sveitarfélaga mun greiða Reykjavíkurborg vegna þróunar, reksturs og hýsingar enda er verkefnið og kerfið samstarfsverkefni allra. Það hefur því miður allt of oft gerst að sömu kerfi er þróuð á fleiri en einum stað með tilheyrandi kostnaði og óhagræði, þess vegna er mikilvægt að efla samstarfið og formgera það eins vel og hægt er.

Undanfarið ár hafa sveitarfélögin og Reykjavíkurborg stigið stór og þétt skref til að styrkja samstarf sveitarfélaga og lagt mikla áherslu á samvinnu opinberra aðila, þvert á stjórnsýslustig. Æskilegt væri af Reykjavíkurborg myndi taka þátt í samstarfinu með formlegri hætti en áður með því að greiða til þess líkt og önnur sveitarfélög. Með því verður þátttaka borgarinnar sýnilegri fyrir aðra og skipting kostnaðar og utan umhald vegna greiðsla einfaldara og gegnsærra.

Þess vegna óskar Sambandið hér með eftir formlegri þátttöku Reykjavíkurborgar í stafrænu samstarfi sveitarfélaga og leggi samstarfinu til sérstakt fjármagn til að styrkja enn frekar stoðir samvinnu og samstarfs.

Meðfylgjandi er fjárhags- og verkefnaáætlun fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga fyrir árið 2026.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þórdís Sveinsdóttir, sviðstjóri Þróunarsviðs